

Stjórnarfundur fundargerð 6.1.2020

Staðsetning:	Ólafíustofa, Pilestredet park 20, 0176 Oslo
Dagsetning:	06.01.2020
Fundar tími:	17:30
Fundi slitið:	22:50
Til staðar:	Formaður - Jónína (JMA), Vara formaður - Katla (KS), Gjaldkeri - Ingvar (II), Ritari - Björn (BH). Voru til staðar allan fundinn. Með stjórnandi - Rebekka (RI) var ekki til staðar Starfsmaður (BG) til staða til klukkan 20:30 Menningafrulltrúi (FH) til staðar til klukkan 20:30 Sóknarprestur - sr. Inga (IH) var með á skype til kl. 18:35 Erhard Hermansen, Generalsekretær frá Norges Kristne råd var með til kl 18:30

Dagskrá

1. Erhard Hermansen kynnir Norges Kristne råd (NKR)
2. Á döfinni - dagskrá næsta mánaðar - Inga / Freydís
3. Vinnuhelgi stjórnar
4. Starfsmannaviðtöl
5. Ólafíusjóður
6. Samstarfshelgi safnaðanna í Skandinavíu
7. Staðan á Ólafíustofu
8. Önnur mál

Umræður

1. Forstöðumaður NKR kynnir sína starfsemi og safnaðarstjórn kynnir sig og safnaðarstarfið. Erhard mælir með því að söfnuðurinn sendi inn umsókn um áheyrnarstöðu (observasjonsstatus) hið fyrsta, eða innan tveggja vikna. Umsóknin verður svo kynnt á þeirra stjórnarfundum og á næsta ráðsfundi í mars 2021 getum við

fengið status sem fullgildir meðlimir. Árgjald um það bil 25.000 nok. Stjórn samþykkir að hefja umsóknarferli.

2. Á döfinni - dagskrá næsta mánaðar - Inga / Freydís:
Sjá eigið skjal á innravegg safnaðarins. Dagskrá verður sett inn í dagatal.
3. Vinnuhelgi stjórnar:
24. janúar verður ekki haldinn í Kvelde vegna vatnsleka þar. Unnið er við að finna nýjan stað. Freydís bíður heim til sín ef ekki annar staður finnst.
4. Starfsmannaviðtöl:
Verður tekið við starfsfólk í lok janúar, JMA og II. Athuga með staðlað spurningarform.
5. Ólafíusjóður: Lögfræðingur hefur lagt til að það verði 5 manna stjórn en ekki varamenn, kosið er um fjóra í stjórn og fimmti maður er skipaður af stjórn safnaðarins, kosið til 4 ára í senn. Sjá eigið skjal á innra neti safnaðarins um tillögur á úthlutunarreglum. Beðið eftir svari frá sendiherra um að vera verndari sjóðsins. II hefur samband við sendiherra.
6. Samráðshelgi safnaðanna í Skandinavíu 7.-9. febrúar: 5 frá Danmörku, 7 frá Svíþjóð og svo amk 8 frá Noregi. Hildur Björk og Jóhanna koma frá Íslandi. BH hefur boðað fjarveru. Verður haldið í Höland Gårdsmotell 7.-9. febrúar ef það er enn laust. Dagskrá verður send út í tæka tíð.
7. Staðan á Ólafíustofu:
Frestur er 01.02.2020. Beiðni hefur verið send til Gunnars Kind AS um að vera áfram ábyrgðarmaður fyrir umsókn á byggingarleyfi (rammetillatelse), ásamt því að breyta dagsetningum á teikningum. Ekki þarf að senda yfirlýsingu frá Arbejdstilsynet. Hið gamla gildir enn. Sótt verður um eins þreps leyfi (ett trinn tillatelse). Ferli tekur ca 3 vikur. Ekki er búið að fá svar frá Gunnari Kind um að taka ábyrgð.
8. Önnur mál:
Athuga með skyndihjálparnámskeið fyrir alla þá sem koma að starfseminni. JMA athugar með samstarfsmann sinn í vinnunni.

Messukaffi í Oslo: auglýsa eftir aðila til að taka þetta að sér.

Farið var yfir reikninga frá organista sem þykja of háir. Samþykkt að IH þurfi að sækja um að samþykki meirihluta stjórnar um að nýta þjónustu hennar við söfnuðinn. II talar við organistann.

Fréttabréf: lagt til að Berglind setji það upp eftir að Freydís tekur efnið saman. Fara þarf yfir málfar og stafsetningu betur, Katla enn ábyrgðarmaður sem samþykkir efnið, Atli Steinn gæti kannski bætt málfarið að lokum fyrir einhvern pening (II talar við hann) sem sendir til Berglindar og að lokum samþykja Katla og Freydís í sameiningu.

IH vill gjarnan athuga hvort við getum ekki reynt að fá einhverja sjálfbóðaliða í sjúkraheimsóknir ofl. II stingur upp á að sjálfbóðaliðar og aðrir sem vinna fyrir söfnuðinn geri það aðeins eftir að hafa skrifað undir þagnareið, tekið viðeigandi námskeið og skilað inn lögregluvottorði.

Opnunartími Ólafíustofu: Berglind og Inga leggja til að á mánudögum verði lokað, en á fimmtudögum opið til 18, vegna bókasafns oph. þannig verði meira úr verki. Árekstrar við AA samtökin mögulega mikil. JMA vill skoða vel hvort þetta sé gerlegt en helst að halda sig við fastan opnunartíma.

Samþykktir	Ábyrgð	Frestur	Næsta verkefni
Sækja um aðild NKR	JMA		
Lög Ólafíusjóðs	Allir		
Samþykkt að leita til Berglindar og Atla Stein vegna umbrots og prófarkalestur fréttabréfs.	JMA (Berglind og Freydís) og II (Atla)		
Samþykkt að allir sjálfboðaliðar og starfsmenn þurfi að sækja viðeigandi námskeið og undirrita þagnareið og skila inn saka vottorði.	Allir (JMA)		

Verkefnalisti	Ábyrgð	Frestur	Staða	Næsta verkefni
Senda umsókn til NKR	JMA	17.1.2020		
Finna fundarstað fyrir vinnuhelgi stjórnar	II	Sem fyrst		
Fundur með Gunnar Kind AS	BH	Sem fyrst		
Hafa samband við sendiherra	II	Sem fyrst		
Athuga með AA vegna lengingu á opnunartíma á fimmtudögum	IH	Sem fyrst		